

*Greinargerð:*

*Eins skemmtilegar og göngugötur eru í miðborgum geta þær verið hreyfihömluðum fjötur um fót nema sérstakar ráðstafanir sé gert í fyrirkomulaginu að þeim sé tryggt auðvelt aðgengi að göngugötusvæðinu. Flokkur fólksins vill að kannað verði hjá hagsmunasamtökum hreyfihamlaðra, þeirra sem notast við hjólastóla, eru sjónskertir eða búa við annars konar hreyfiskerðingu hvernig þeim hugnast fjölgun göngugatna og framlenging tímabils þeirra. Kanna þarf óskir, þarfir og væntingar þessa hóps hvað varðar fjölmargt þessu tengt t.d. hvort talið er nauðsynlegt að setja P merkt bílastæði á göngugötturnar sjálfar.*

*Flokkur fólksins hefur ekki verið sanfærður um að borgarmeirihlutinn hafi ráðfært sig nægjanlega við samtök hreyfihamlaðra og aðra hagsmunaaðila við ákvörðun sína að fjölga göngugötum í miðbænum svo um munar sbr. samþykkt var á síðasta borgartjórnarfundum eða hvernig þeim hugnast framlenging tímabils þeirra. Borgarfulltrúi Flokks fólksins finnst mikilvægt að ekki verði hafist handa við frekari gerð göngugatna eða framlenging tímabils þeirra fyrir en hugur hagsmunaaðila og borgarbúa liggur alveg kýr skýr fyrir*

05.02.2019

### Samráð við Öryrkjabandalagið varðandi göngugötur

Við gerð tillögu að varanlegri göngugötu við Laugaveg og í Kvosinni hefur þegar verið fundað með ÖBÍ (dags. 14.01.19). Á fundinum var ákveðið að halda ÖBÍ upplýstum um framganginn og bandalagið yrði fengið til umsagnar um tillögugerðina í ferlinu. Einnig hefur verið fundað með ferlinefnd Reykjavíkurborgar (dags: 6.12.18) og mun sá hópur einnig verða kallaður til við áframhaldandi vinnu við tillögugerðina.

f.h. Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Edda Ívarsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar